

## Fagstjóri stuðningskennslu

Fagstjóri vinnur í nánum tengslum við umsjónarkennara. Starf fagstjóra er í stöðugri mótun allan veturinn og vinnur hann náið með umsjónarkennurum m.a. með vikulegum fundum.

### Fagstjóri:

- Vinnur í samstarfi við umsjónarkennara og fagkennara.
- Heldur utan um stöðu nemenda sem einhverja sérstaka aðstoð hafa fengið í nánu samráði við umsjónarkennara og/eða viðkomandi faggreinakennara.
- Heldur utan um endurskoðun einstaklingsáætlana í upphafi vetrar í nánu samráði við umsjónarkennara eða viðkomandi faggreinakennara.
- Fylgist með því hvernig gengur að framfylgja einstaklingsnámskrá
- Aðstoðar stuðningskennara við að finna námsefni og námsgögn við hæfi í samstarfi við umsjónarkennara eða viðkomandi faggreinakennara.
- Gerir sérkennsluskýrslur í lok starfsárs fyrir alla nemendur skólans sem fá sérstaka aðstoð og kennslu
- Kemur á fundum um sérkennslunemendur sem þurfa sérstaka umfjöllun t.d. í kjölfar nemendaverndarráðsfunda
- Hefur samstarf við umsjónarkennara eða viðkomandi faggreinakennara um námsmat og próftöku nemenda með sérþarfir
- Sér um að nemendum með lestrar- og námsörðuleika séu búnar viðhlítandi aðstæður við próftöku t.d. munnleg próf, stækkað letur á prófverkefnum, lengri próftíma o.fl.
- Hefur umsjón með námsgögnum til sérkennslu og sérkennslustofu
- Situr í nemendaverndarráði og ritar fundagerðir þess, situr einnig aðra þá fundi sem skólastjóri ætlast til að hann taki þátt í.
- Sér um lestrarpróf og skimanir í skólanum.
- Situr skilafundi með sérfræðingum
- Útbýr tilvísanir í samráði við skólastjóra og umsjónarkennara
- Veitir stuðningsfulltrúum og stuðningskennurum ráðgjöf eftir því sem við á.